

Samstarfsyfirlýsing um Öruggara Suðurland

Svæðisbundið samráð gegn ofbeldi og öðrum afbrotum

Lögreglustjórinn á Suðurlandi, Sýslumaðurinn á Suðurlandi, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Fjölbrotaskóli Suðurlands, Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, Menntaskólinn að Laugarvatni og sveitarfélögin Hornafjörður, Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus hafa ákveðið að vinna saman gegn ofbeldi og öðrum afbrotum.

Markmið svæðisbundins samstarfs um Öruggara Suðurland:

- Samstarfssamningur þessi miðar að því að tryggja og þróa grundvöll fyrir afbrotavarnir milli lögregluyfirvalda og samstarfsaðila, með sameiginlegum áherslusviðum og markmiðum þróuðum út frá svæðisbundnum aðstæðum.
- Efla samvinnu við úrlausn mála og treysta grundvöll samvinnu m.a. samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.
- Vinnsla tölfraði miðað við sameiginlegar skilgreiningar samstarfsaðila sem er lögð til grundvallar við markmiðasetningu við afbrotavarnir.

Svæðisbundið samráð

Stofnaður verður reglubundinn samráðsvettvangur samstarfsaðila á Suðurlandi sem samanstendur af aðilum sem undirrita samráðsyfirlýsingu þessa eða fulltrúa þeirra. Samráðsfundur verður haldinn **árlega** þar sem farið verður yfir framgang framkvæmdaáætlunar og þeirra áhersluverkefna sem hafa verið unnin frá síðasta samráðsfundi. Greiningar á tölfraði í málaflokkunum verða kynntar ásamt því að hugmyndum er safnað fyrir möguleg áhersluverkefni fyrir næsta samráðsfund.

Framkvæmdateymi

Á árlegum fundum svæðisbundins samráðs er tilnefnt í framkvæmdateymi sem samanstendur af þeim sem vinna að málaflokkunum og öðrum hagsmunaaðilum. Fast sæti í framkvæmdateymi eiga fulltrúar félagsþjónustu- og barnaverndarsvæða, sýslumanns, lögreglustjóra, framhaldsskóla í landshlutanum og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Hlutverk framkvæmdateymis er að taka ákvarðanir um áhersluverkefni eftir umræður á svæðisbundnum samráðsfundum og útbúa framkvæmdaáætlun sem gildir til næsta fundar svæðisbundins samráðs. Framkvæmdateymi skal funda reglulega um það sem efst er á baugi á Suðurlandi hvað varðar samráð gegn ofbeldi og öðrum afbrotum og afbrotavarnir. Framkvæmdateymi skal greina tölfraði í málaflokknum og fylgja þeim eftir með markmiðasetningu í framkvæmdaáætlun. Framkvæmdateymi skal undirbúa árlega fundi svæðisbundins samráðs.

Framkvæmdateymi getur sett á stofn **vinnuhóp** fyrir einstök verkefni en aldrei án þess að í hópnum sitji að minnsta kosti einn aðili úr framkvæmdateymi.

Verkefnastjórn

Fulltrúi lögreglustjórans á Suðurlandi boðar svæðisbundna samráðsfundi samstarfsaðila, leiðir framkvæmdateymi og boðar fundi þess. Þátttaka í samráðsvettvangi, framkvæmdateymi og í vinnuhóp eru unnin sem hluti af daglegri starfsemi og rekstri samstarfsaðila.

Samstarfsaðilar skuldbinda sig til að taka þátt í að vinna að framkvæmdaáætlun samráðsvettvangsins. Þátttakendur í framkvæmdateymi sækja umboð sitt til að taka þátt í/hefja ný áhersluverkefni innan framkvæmdaáætlunar til síns vinnustaðar þegar þörf er á.

Gildistími og endurskoðun

Gildistími samstarfsyfirlýsingarinnar er frá 18. apríl 2024 til loka kjörtímabils sveitarstjórna 2026. Samstarfsyfirlýsingin og þar sem stöðumat, markmið og framkvæmdaáætlun er endurskoðuð í upphafi hvers kjörtímabils eða fyrir ef verulegar breytingar verða á aðstæðum í samfélaginu sem kalla á viðbrögð hlutaðeigandi aðila í verkefninu um *Öruggara Suðurland*.

Þorlákshöfn 18. apríl 2024